

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 98/2018

2020/EES/66/22

frá 27. apríl 2018

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/59 frá 11. janúar 2018 um breytingu á ákvörðun 2009/300/EB að því er varðar innihald og gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir sjónvörp ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við í lið 2j (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 D 0059:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/59 frá 11. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 10, 13.1.2018, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) nr. 2018/59, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. apríl 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 10, 13.1.2018, bls. 17.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.